

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Ársskýrsla fyrir árið 2003

Efnisyfirlit

	Bls.
Stjórn og starfsmenn	3
Iðgjöld	4
Lífeyrir	5
Sjóðfélagalán.....	7
Endurnýjun hugbúnaðar.....	8
Ávöxtun eigna 2003	8
Fjárfestingar 2003	9
Fjárfestingarstefna Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2004	10
Samtryggingardeild.....	10
Séreignardeild	13
Tryggingafræðileg athugun.....	14

Ársreikningur Samtryggingardeildar:

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	16
Áritun endurskoðanda	17
Efnahagsreikningur	18
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	19
Yfirlit um sjóðstreymi	20
Skýringar	21
Kennitölur	26

Ársreikningur Séreignardeildar:

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	28
Áritun endurskoðanda	29
Efnahagsreikningur	30
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	31
Yfirlit um sjóðstreymi.....	32
Skýringar	33
Kennitölur	34

Financial Statement:

Endorsement by the Board of Director's and Managing Director.....	36
Auditor's Report	37
Balance Sheet	38
Statment of Changes in Net Assets for Pension Payments	39
Statement of Cash Flows	40
Financial Indicators	41

Stjórn og starfsmenn

Stjórn sjóðsins er skipuð af fjármálaráðherra. Fjöldi stjórnarmanna er sjö og eru jafn margir varamenn. Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn. Fjórir stjórnarmenn eru skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða, einn eftir tilnefningu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og tveir eru án tilnefningar og er annar þeirra formaður stjórnar sjóðsins.

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 1. janúar 2001 til næstu fjögurra ára:

Aðalmenn:

Baldur Guðlaugsson form.
Hrafn Magnússon, varaform.
Arnar Sigurmundsson
Gunnar Gunnarsson
Halldór Björnsson
Margeir Daníelsson
Þorgeir Eyjólfsson

Varamenn:

Þórhallur Arason
Eiríkur Benjamínsson
Friðbert Traustason
Haukur Hafsteinsson
Maríanna Jónasdóttir
Jónas Bjarnason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Aðsetur sjóðsins er á Skúlagötu 17 og eru starfsmenn sjóðsins sex í árslok 2003,

Elín Valdimarsdóttir
Elsa Dóra Grétarsdóttir
Helga Björg Sigurðardóttir
Jóhanna Guðbrandsdóttir
Sigurbjörn Sigurbjörnsson
Þórhallur Sölvi Barðason


Bókari
Deildarstjóri lífeyris- og lánadeildar
Skráning, sími og upplýsingar
Upplýsingar og sími
Framkvæmdastjóri
Skrifstofustjóri

Iðgjöld


Lögbundið er að greiða 10% iðgjald til lífeyrissjóðs af öllum launum og reiknuðu endurgjaldi frá 16 til 70 ára aldurs. Eins og neðangreind tafla sýnir þá hefur orðið nokkur vöxtur á iðgjöldum til sjóðsins frá árinu 1998. Megin ástæður þess er fjölgun sjóðfélaga, auknar greiðslur hvers sjóðfélaga og nýtt hlutverk Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda í samræmi við 6. gr. 1. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þar sem kveðið er á um sérstakt innheimtuhlutverk sjóðsins.

Á árinu 2003 greiddu 16.065 einstaklingar iðgjöld til sjóðsins eða alls um 1.514 millj. kr. Þá greiddu 1.545 launagreiðendur iðgjöld fyrir starfsmenn sína á árinu. Samtals jukust iðgjöld um 11,6% frá fyrra ári.

Iðgjöld 1993-2003 á verðlagi hvers árs í millj. kr



Iðgjöld 1993-2003 á föstu verðlagi 2003 í millj. kr




Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur ársins 2003 námu 308 millj. kr. og hafa hækkað um 12,3% frá árinu 2002. Mest aukning var í fjárhæð ellilífeyris eða 18,3%. Í desember 2003 voru lífeyrisþegar 2.757 og hafði þeim fjölgað um 20,2% frá fyrra ári. Hlutfall lífeyris af hreinni eign var 1,09% í árslok 2003. Skipting lífeyrisgreiðslna milli lífeyristegunda hefur breyst þannig að vægi ellilífeyris hefur aukist.

Lífeyrisgreiðslur áráanna 2002 og 2003

	2002	2003	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	137.114.396	162.118.462	18,24%
Örorkulífeyrir	105.089.860	108.986.352	3,71%
Makalífeyrir	23.938.990	27.727.653	15,83%
Barnalífeyrir	8.073.214	9.109.694	12,84%
	274.216.460	307.942.161	12,30%


Hlutfallsleg skipting lífeyris 2003



Hlutfall lífeyris af hreinni eign

Neðangreind mynd sýnir hversu stór hluti af eignum sjóðsins fer til greiðslu lífeyris á hverju ári og er því góður mælikvarði á þroska sjóðsins og aldurssamsetningu sjóðfélaga.


Hlutfall lífeyris af hreinni eign 1993-2003



Hrein eign til greiðslu lífeyris

Eins og sést á myndinni hér að neðan hefur verið stöðugur og jafn vöxtur á hreinni eign til greiðslu lífeyris frá árinu 1993 á föstu verðlagi 2003. Vegna góðrar ávöxtunar 2003 vex hrein eign hraðar en árin á undan.

Hrein eign til greiðslu lífeyris á föstu verðlagi 2003



Sjóðfélagalán

Nokkur minnkun var á útlánum til sjóðfélaga 2003 eða um 24,5% frá fyrra ári. Árið 2002 var met ár í lánveitingu til sjóðfélaga.

Veitt sjóðfélagalán 1998-2003

Ár	Lánveitingar	
1998	46	M.kr
1999	41	"
2000	107	"
2001	226	"
2002	331	"
2003	250	"

Lánareglur

1. Lánaréttindi.

Lán eru aðeins veitt til sjóðfélaga Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Lánsréttindi hefur sá sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða samstarfssjóða samfellt í þrjú ár og öðlast á síðustu þremur árum a.m.k. 5 stig. Jafnframt er skilyrði fyrir lántöku, að viðkomandi hafi greitt iðgjöld til Söfnunarsjóðsins sl. 12 mánuði, sé greiðandi við lántöku og eigi hjá sjóðnum minnst 3 stig og standist greiðslumat sé þess óskað.

2. Lánsupphæð, lánstími og kjör.

Lánsupphæð er allt að kr. 5.000.000,-. Lánstími er 8 - 30 ár og gjalddagar 4 – 12 á ári. Lánin eru verðtryggð. Hægt er að sækja um nýtt lán þremur árum frá fyrri lántöku. Vextir skulu vera 0,75% hærrí en meðalávöxtun í viðskiptakerfi Verðbréfaþings Íslands á nýjasta flokki húsbrefa til 25 ára. Vextir taka breytingum 15. hvers mánaðar miðað við meðalávöxtun í síðasta almanaxsmánuð samkvæmt skrá Kauphallar Íslands. Vextir eru breytilegir og eru ákveðnir af stjórn sjóðsins.

3. Umsóknir.

Umsókn skal fylgja fasteignamat, brunabótamat og nýtt veðbókarvottorð af eigninni. Ef á undan veðrétti sjóðsins eru önnur áhvílandi lán skulu fylgja umsókninni síðustu greiðsluseðlar viðkomandi lána sem sýna eftirstöðvar, uppreiknaðar með veðbótum og vöxtum. Lánsúmsókn skal vera skrifleg.

4. Tryggingar og lántökukostnaður.

Aðeins er lánað gegn fasteignaveði allt að 60% af fasteignamati viðkomandi eignar, þ.e. lán sjóðsins og uppreiknaðar eftirstöðvar annarra áhvílandi lána mega ekki vera hærrí en 60% af fasteignamati og jafnframt innan við 85% af brunabótamati. Ef fasteignamat endurspeglar ekki markaðsverð fasteignarinnar, er miðað við matsverð sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili framkvæmir. Sjóðurinn áskilur sér rétt til þess að láta meta fasteignir sérstaklega áður en lán er veitt. Meta þarf húseign ef um nýbyggingu er að ræða. Umsókn er ekki tekin til greina nema húseign sé fokheld.

Lántakandi greiðir lántökugjald sem er nú 1%, svo og kostnað við stimplun sem er 1,5% af lánsfjárhæð.

Endurnýjun hugbúnaðar

Á síðasta ári var tekin ákvörðun um endurnýjun hugbúnaðar fyrir sjóðinn. Sá hugbúnaður sem valinn var kallast Jóakim og er í notkun hjá þorra íslenskra lífeyrissjóða. Hugbúnaðinum er ætlað að tryggja áframhaldandi rekstraröryggi sjóðsins ásamt að auðvelda innra starf hans og jafnframt auka þjónustu við sjóðfélaga.

Notkun hans hófst sl. sumar að hluta en frá og með 1. janúar 2004 er hann að fullu kominn í notkun. Öll verðbréf eru gerð upp í áramótauppgjöri í nýjum hugbúnaði. Gert er ráð fyrir að í tengslum við innleiðingu hugbúnaðarins verði heimasíða sjóðsins endurnýjuð á vormánuðum eða í sumarbyrjun. Það mun tryggja sjóðfélögum ásamt launagreiðendum betri upplýsingar um stöðu sína hjá sjóðnum.

Slóð heimasíðunnar er www.sl.is.

Ávöxtun eigna 2003

Árið 2003 var mjög gott til ávöxtunar einkum á innlendum hlutabréfamarkaði. Hlutabréfavísitölur innanlands hækkuðu mikið eða 44,5%. Í heild skilaði sjóðurinn jákvæðri raunávöxtun sem nam 10,0% samanborið við 0,6% árið 2002.

Nokkur hækkun varð á erlendum hlutabréfum. Hér að neðan er samanburðartafla þar sem borin er saman nafnávöxtun eigna og viðmiða sjóðsins.

	Ávöxtun	Viðmið
Innlend skuldabréf	8,7%	7,6 %
Innlend hlutabréf	52,8%	44,5%
Erlend hlutabréf	20,7%	15,2%
Aðrar eignir	14,3%	14,6%


Sjóðurinn skilaði betri ávöxtun á öllum eignaflokkum nema öðrum eignum. Þær eru fjármunir, sem sjóðurinn hefur til ávöxtunar í sjóðum KB banka hf. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 15,2% í íslenskum krónum en 30,8% í dollurum. Styrking krónunnar dregur úr ávöxtun 2003 á erlendum eignum en þær eru ekki gengisvarðar í árslok 2003. Ávöxtun erlendra eigna er betri en viðmið þar um en það helgast af velheppnuðum fjárfestingum 2003.

Innlend skuldabréf sjóðsins skiluðu betri ávöxtun en viðmið sjóðsins þar um.

Ávöxtun 2003 markast að nokkru af innleiðingu að nýjum hugbúnaði. Mat verðbréfa eru í sumum tilvikum lægra en skv. eldri uppgjörsaðferð. Leiðir það til um 0,3% lægri raunávöxtunar 2003 en ella.


Fjárfestingar 2003

Fjárfestingar 2003



Eignasamsetning 31.12.2003

Eignasamsetning 31.12.2003



Fjárfestingarstefna Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 2004

Samtryggingardeild

Stjórn sjóðsins lagði fram fjárfestingarstefnu á árinu 1999 sem var endurmetin og yfirfarin á árinu 2003. Samkvæmt henni, var mörkuð stefna til ársloka 2006.

Sú stefnumótun sem fram fór 1999 byggir á viðamikilli greinargerð sem þá ásamt fleiri breytum varð grunnur að ákvörðun um eignasamsetningu sem hér fylgir. Fjárfestingarstefnan er hins vegar í stöðugri skoðun. Fjárfestingarstefna Söfnunarsjóðsins vegna ársins 2004 miðar að því að ná neðangreindri eignasamsetningu í árslok 2006.

	1996	1999	2002	2006
Bein ábyrgð ríkissjóðs	69%	59%	52%	38%
Óbein ábyrgð ríkissjóðs	10%	4%	6%	2%
Aðrar tryggingar	18%	21%	23%	20%
Innlend hlutabréf	2%	7%	8%	10%
Erlend verðbréf	1%	9%	11%	30%

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið eftirfarandi skiptingu fjárfestinga af ráðstöfunarfé fyrir árið 2004:

	Hlutföll
a. Verðbréf ríkis og húsnæðiskerfis	35 - 45%
b. Verðbréf fjármálafyrirtækja	5 - 17%
c. Verðbréf sveitarfélaga	5 - 15%
d. Sjóðfélagalán	5 - 15%
e. Innlend skuldabréf	1 - 10%
f. Innlend hlutabréf	0 - 10%
g. Erlend verðbréf	35 - 50%

Í tengslum við fjárfestingastefnu var lagt mat á þætti er hafa áhrif á val fjárfestingakosta.

Mat á ávöxtun:

Niðurstaðan byggir á eftirfarandi eignasamsetningu:

Innlend skuldabréf	81%
Innlend hlutbréf	6%
Erlend hlutabréf	13%

Samkvæmt niðurstöðu matsins þá eru 89% líkur á að raunávöxtun verði að jafnaði yfir 3,5%, 72% líkur á að raunávöxtun verði yfir 5% og 30% líkur á raunávöxtun yfir 7,5%. Sjóðurinn getur búist við að skila að jafnaði 6,4% meðalraunávöxtun. Litlar líkur á neikvæðri ávöxtun. Með því að auka vægi hlutabréfa í safni sínu eins og lagt er til mun sjóðurinn skila væntri raunávöxtun 7,4% að jafnaði en áhættan eykst aðeins um 0,8.

Líkur á raunávöxtun yfir 3,5% verða 92%, líkur á 5% raunávöxtun verða 80% og líkur á raunávöxtun yfir 7,5% verður 45%.

Meginhluti innlendra skuldabréfa sjóðsins eru skráð á markaði. Einungis 2% eigna sjóðsins skv. reglum eru óskráð.

Framtíðarskuldbindingar:

Það er ekki fyrr en 2027 – 2036 sem fjölmennustu og réttindamestu aldurshóparnir fara á lífeyri. Þó svo að lífeyrisgreiðslur hafi vaxið og fari jafnframt vaxandi á komandi árum hafa þær nokkurn veginn staðið í stað miðað við inngreidd iðgjöld og eignir sem hafa vaxið nokkuð á undanförunum 3 – 4 árum. Því getur sjóðurinn leyft sér að fjárfesta til langs tíma.

Fjárfestingarviðmið:

Varðandi hlutabréfaviðskipti sjóðsins þá er horft til að ávöxtun sé að jafnaði hærri en heimsvísitala Morgan Stanley fyrir erlendu hlutabréfin og hærri en heildarvísitala aðallista VPÍ fyrir innlend hlutabréf. Það er erfiðara að draga fram sanngjarnan samanburðarmælikvarða varðandi innlendu skuldabréfin þar sem þau eru gerð upp á kaupávöxtun. Það er enginn marktækur mælikvarði sem á við en horft er til meðalávöxtunar nýjustu flokka húsbreifa á árinu. Það vantar mælikvarða sem er að öllu leyti samanburðarhæfur.

Notkun afleiða:

Sjóðurinn nýtir sér almennt ekki afleiður. Þarf sérstaka heimild og samþykkt stjórnar til þess. Hins vegar eru gerðir framvirkir samningar um verðbréfakaup.

Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum á sama aðila:

Almennt viðmið er að hámarksfjárfesting (krafa) á sama aðila sé ekki hærri en 5% af eignum hverju sinni. Þá er átt við annan aðila en ríkissjóð með beinum eða óbeinum hætti.

Hámarkshlutdeild í hlutafé fyrirtækja:

Sjóðurinn hefur það markmið að dreifa einstökum hlutafjárkaupum sínum þannig að fjárfestingar í innlendum hlutabréfum séu í sem líkustum hlutföllum og viðmiðunarvísitölur. Sjóðurinn hefur lagt meiri áherslu á seljanleika hlutabréfanna þ.e. veltu

einstakra félaga á markaði. Það leiðir til þess að einstök félög fá meira vægi en miðað við vísitölur. Almenn viðmið er að einstök innlend félög í hlutfalli af heildarfjárfestingu sjóðsins í innlendum hlutabréfum fari ekki yfir 15% af markaðsvirði safnsins.

Um helmingi innlendra og erlendra hlutabréfa er stýrt skv. vísitöluviðmiði.

Hámarkshlutdeild í hlutdeildaskírteinum:

Sjóðnum er heimilt samkvæmt fjárfestingarstefnu að eiga 10% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði eða deild verðbréfafyrirtækis. Það getur þó gerst að á einhverjum tilteknum tímapunkti að eign sjóðsins sé hærri en það. Um tímabundna stöðu er þá að tefla.

Fasteignaveðtryggð skuldabréf:

Það er ekki liður í fjárfestingarstefnu sjóðsins að fjárfesta í skuldabréfum með fasteignaveði, sem eru útgefin af fyrirtækjum og með veði í atvinnuhúsnæði. Sé það gert þá þurfa bréfin að vera skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði einnig. Sjóðurinn lánar fjármuni til sinna sjóðfélaga, samkvæmt reglum stjórnar. Þær reglur sem gilda miðast við 60% af fasteignamati eða metnu markaðsvirði íbúðahúsnæðis.

Þjónustufyrirtæki fyrir lífeyrissjóði:

Það er ekki hluti af stefnu sjóðsins að eiga né fjárfesta í fyrirtækjum sem hafa það að markmiði að þjónusta eingöngu lífeyrissjóði.

Virk stýring eigna:

Sjóðurinn er tilbúinn að selja verðbréf sín fyrir hagstætt verð að því gefnu að endurfjárfesting fjármunanna skili sjóðnum traustari ávöxtun, en sú selda. Nú um þessar mundir eru um 30% af eignum sjóðsins í virkri stýringu einkum hlutabréf.

Líftími skuldabréfa:

Hér á landi er skuldabréfaútgáfa ekki regluleg nema í húsbrefum og húsnæðisbrefum. Útgáfa annarra skuldabréfa s.s. spariskírteina, skuldabréf sveitarfélaga og annarra aðila er meira háð aðstæðum hverju sinni. Sjóðurinn hefur sett sér þá reglu að í ríkistryggðum bréfum sé fjárfest til sem lengst tíma eins og kostur er miðað við ávöxtun og meðallíftíma. Varðandi skuldabréf sveitarfélaga og banka þá er gert ráð fyrir að lokagreiðsla þeirra sé ekki síðar en 15 árum frá kaupum nema í traustustu sveitarfélögum. Einnig er gert ráð fyrir lágmarksíbúafjölda og lágri skuldsetningu. Jafnframt að fram fari reglulegar afborganir. Varðandi skuldabréf útgefin af traustum fyrirtækjum sem eru skráð á markaði þá er krafa um hóflega langan líftíma. Algert skilyrði er að greitt sé af þeim reglulega.

Gjaldmiðlasamsetning:

Miðað við árslok 2006 er gert ráð fyrir að 30% af eignum sjóðsins verði í erlendri mynt. Meginhluti erlendra eigna hafa dollaraviðmið.

Atvinnugreinaskipting:

Þar sem viðmiðanir sjóðsins varðandi atvinnugreinar miðast við vísitölur þá er gert ráð fyrir að ekki verður vikið frá þeirri atvinnugreinaskiptingu sem þær fela í sér. Heimilt er að allt að 30% skekkja geti legið milli safns sjóðsins og vísitalna.

Séreignardeild

Í gildi er samningur við KB banka hf. um ávöxtun fjármuna séreignardeildarinnar eftir útboð á fjármálamarkaði á sínum tíma. Þannig næst fjárhagslegur aðskilnaður milli deilda. Ávöxtun og uppgjör miðast við markaðsvirði eigna hverju sinni. Algert skilyrði er að eignir deildarinnar séu skráðar og hafi markaðsvirði. Tvær fjárfestingarstefnur eru í boði fyrir rétthafa deildarinnar. Kallast þær Söfnunarleið I og Söfnunarleið II.

Söfnunarleið I er hefðbundinn innlánsreikningur sem ber hæstu innlánsvexti á hverjum tíma. Er hún hentug lífeyrisþegum deildarinnar, þeim sem eru að nálgast lífeyristökualdur og einnig þá sem vilja taka litla áhættu. Til þess að skipta um leiðir þarf upplýst samþykki hvers og eins.

Söfnunarleið II er eftirfarandi:

Ísl. skbr.			Ísl. hlutabr.			Erlend verðbr.		
Lágm.	Viðm.	Hám.	Lágm.	Viðm.	Hám.	Lágm.	Viðm.	Hám.
60	70	100	0	10	20	0	20	40

Markmið sjóðsins er að ávaxta fé rétthafa á sem bestan hátt að teknu tilliti til áhættu með ofangreindum hætti í samræmi við samþykktir sjóðsins á hverjum tíma.

Það var sameiginlegt mat sjóðsins og KB banka hf. að ofangreind samsetning væri vænleg til jafnrar og traustrar ávöxtunar til handa rétthöfum. Þar sem gert er ráð fyrir að meginhluti eigna sé í skuldabréfum, má gera ráð fyrir að sveiflur í ávöxtun verði minni. Hins vegar er möguleiki að auka við hlutabréfaeign deildarinnar í allt að 40% þar sem hluti skuldabréfa á að vera að lágmarki 60%. Ítrustu heimildir deildarinnar byggja á samþykktum sjóðsins skv. 7. gr.

Fjárfestingarviðmið Söfnunarsjóðsins byggir á tiltekinni viðmiðunarsamsetningu. Viðmiðin eru eftirfarandi:

Innlend skuldabréf	70,0%
Reibid 1. mán	10,0%
Riks 05 0410	20,0%
Rikb 07 0209	15,0%
Ibh 22 1215	12,5%
Ibh 41 0315	12,5%
Innlend hlutabréf	10,0%
Úrvalsvísitala hlutabréfa á VPÍ	10,0%
Erlend verðbréf	20,0%
Hlutabréfavísitala MSCI world	16,0%
Skuldabréfavísitala JP Morgan	4,0%

Meginfjárfestingar eru í hlutdeildarsjóðum KB banka hf. og erlendum hlutdeildarsjóðum sem bankinn hefur umboð fyrir.

Deildin hefur heimild til að nota afleiður. Þær á að nota varfærnislega.

Deildinni er heimilt að eiga allt að 10% hlutdeildarskírteina útgefnum af sama verðbréfasjóði eða deild verðbréfafyrirtækis.

Það er ekki liður í fjárfestingarstefnu deildarinnar að fjárfesta í skuldabréfum með fasteignaveði. Deildin veitir ekki lán til rétthafa. Hún hefur heldur ekki á stefnuskrá sinni að eiga né fjárfesta í félögum sem sinna eiga þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóði/deildina.

Allar eignir deildarinnar eru í virkri stýringu. Mögulegt er að fjárfesta í skuldabréfasjóðum sem henta þykja hverju sinni í samræmi við fjárfestingarstefnu og viðmið þar um. Reglulega eru fjárfestingarnar metnar.

Erlendar eignir deildarinnar geta verði frá 0 – 40%. Eignir deildarinnar eru annað hvort í dollar eða evru, eða báðum myntum samtímis. Engin sérstök stefna er þar um.

Fjárfestingarstefna beggja deilda sjóðsins byggir á að öðru leyti á langtímamarkmiðum og mikilvægi þess að ávöxtun sé jöfn og traust til lengri tíma litið.

Tryggingafræðileg athugun

Í apríl 2004 var gerð tryggingafræðileg úttekt á sjóðnum miðað við árslok 2003. Úttektin sýnir að staða sjóðsins hefur versnað milli 2002 og 2003. Skýrist það fyrst og fremst af breytingum á samsetningu sjóðfélaga. Staðan veikist þrátt fyrir að sjóðurinn sé að skila góðri ávöxtun. Ljóst er að gera þarf ráðstafanir svo jöfnuður náist milli eigna og skuldbindinga sjóðsins. Heildarskuldbindingar umfram heildareignir 2003 voru 3.494 millj.kr. en voru í árslok 2002 2.641 millj. kr. Það þýðir –6,9% af heildarskuldbindingum sem eru 50.317 millj. kr. í árslok 2003.

<u>Áfallin staða</u>	<u>2003</u>	<u>2002</u>
Endurmetin eign	30.922	26.623
Áfallin skuldbinding	25.444	21.964
Eignir umfram áfallnar sk.	5.478	4.659
Hlutfall	21,5%	21,2%
<u>Með framtíðaskuldbindingum</u>		
Endurmetin eign	46.823	42.029
Heildarskuldbindingar	50.317	44.670
Heildarstaða	-3.494	-2.641
Hlutfall	-6,9%	-5,9%

Samtryggingardeild

Ársreikningur 2003

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra fyrir árið 2003

Árið 2003 er að baki, en með því lauk 29. starfsári Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, en hann hóf starfsemi 26. september 1974. Árið 2003 var fjárfestum hagstætt. Innlendar og erlendar hlutabréfavísitölur hækkuðu mikið. Ávöxtun sjóðsins er með besta móti 2003 en hún hefur aldrei verið neikvæð frá stofnun sjóðsins.

Nýr hugbúnaður var tekinn í notkun á árinu og á hann að skila betri rekstri sjóðsins til framtíðar.

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti og gekk rekstur hans mjög vel. Á árinu greiddu alls 1.545 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins 1.514 millj. kr., fyrir 16.065 einstaklinga. Alls voru sjóðfélagar 103.270 í árslok 2003 og áttu alls 258.379 réttindastig. Virkir sjóðfélagar voru 7.171 árið 2003.

Lífeyrisgreiðslur námu alls kr. 307,9 millj., og uxu um 12,3% milli ára. Fjöldi lífeyrisþega í árslok voru 2.757 en þeir voru 2.294 í árslok 2002. Er það aukning um 20,2%.

Sjóðurinn starfar í tveimur deildum samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar var 28.202 millj. kr., og raunávöxtun 10%. Fimm ára meðaltalsraunávöxtun er 3,8% og tíu ára meðaltal 5,6%.

Staða samtryggingardeildar sjóðsins hefur versnað milli ára og eru eignir sjóðsins -6,9% sem hlutfall af heildarskuldbindingum umfram heildarskuldbindingar í árslok 2003. Sambærilegt hlutfall 2002 var -5,9%.

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2003 með undirskrift sinni.

Reykjavík 19. apríl 2004

Baldur Guðlaugsson
formaður

Hrafn Magnússon, varaform.

Arnar Sigurmundsson

Gunnar Gunnarsson

Halldór Björnsson

Margeir Daníelsson

Porgeir Eyjólfsson

Sigurbjörn Sigurbjörnsson
framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Við höfum endurskoðað ársreikning samtryggingardeildar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 18. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnenda Söfnunarsjóðsins og lagður fram í samræmi við lög og starfsskyldur þeirra. Ábyrgð okkar felst í því að láta í ljós álit á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri samtryggingardeildar Söfnunarsjóðsins á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 19. apríl 2004

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Grétar B. Guðjónsson

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir

Fjárfestingar	Skýr.	2003	2002
Verðbréf með breytilegum tekjum.....		7.861.653.887	4.769.535.489
Verðbréf með föstum tekjum.....		18.373.582.970	17.324.501.033
Veðlán.....		<u>1.182.953.429</u>	<u>1.063.412.796</u>
Fjárfestingar alls	7-14	<u>27.418.190.286</u>	<u>23.157.449.318</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur.....	4,5	<u>399.934.490</u>	<u>423.276.223</u>
Kröfur alls		<u>399.934.490</u>	<u>423.276.223</u>
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir.....	2	8.691.871	8.728.628
Sjóður og bankainnistæður.....		<u>375.518.552</u>	<u>281.194.733</u>
Aðrar eignir alls		<u>384.210.423</u>	<u>289.923.361</u>
Eignir samtals		<u>28.202.335.199</u>	<u>23.870.648.902</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Ógreidd gjöld.....		<u>730.508</u>	<u>3.787.444</u>
Skuldir alls		<u>730.508</u>	<u>3.787.444</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>28.201.604.691</u>	<u>23.866.861.458</u>

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2003

	Skýr.	2003	2002
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga.....		615.979.145	554.373.524
Iðgjöld launagreiðenda.....		926.707.144	831.556.963
Réttindaflutningur og endurgreiðslur.....		(28.935.107)	(29.508.216)
Iðgjöld alls		<u>1.513.751.182</u>	<u>1.356.422.271</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir.....	6	307.942.161	274.216.460
Kostnaður vegna lífeyris.....		805.253	564.606
Lífeyrir alls		<u>308.747.414</u>	<u>274.781.066</u>
Fjárfestingartekjur			
Fjárfestingartekjur af hlutabréfum.....		1.387.388.826	(892.807.472)
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur.....		1.820.632.655	1.523.684.647
Niðurfærsla.....	3	(4.050.000)	(2.131.000)
Fjárfestingartekjur alls		<u>3.203.971.481</u>	<u>628.746.175</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		23.208.347	21.337.918
Vaxtagjöld.....		1.177.162	2.197.086
Fjárfestingargjöld alls		<u>24.385.509</u>	<u>23.535.004</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		49.846.507	41.808.966
Rekstrarkostnaður alls		<u>49.846.507</u>	<u>41.808.966</u>
Hækkun á hreinni eign án matsbreytinga		<u>4.334.743.233</u>	<u>1.645.043.410</u>
Matsbreytingar.....			
Hækkun á hreinni eign á árinu.....		4.334.743.233	1.645.043.410
Hrein eign frá fyrra ári.....		<u>23.866.861.458</u>	<u>22.221.818.048</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris.....		<u><u>28.201.604.691</u></u>	<u><u>23.866.861.458</u></u>

Sjóðstreymi fyrir árið 2003

	2003	2002
Inngreiðslur		
Iðgjöld.....	1.520.405.173	1.331.663.723
Fjárfestingartekjur.....	1.173.602.423	968.500.793
Afborganir verðbréfa.....	1.369.295.317	1.129.522.726
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....	432.877.754	330.929.939
Seld verðbréf með föstum tekjum.....	503.969.257	66.188.745
Aðrar inngreiðslur.....	0	3.353.582
	5.000.149.924	3.830.159.508
 Útgreiðslur		
Lífeyrir.....	308.747.414	274.781.066
Fjárfestingargjöld.....	23.132.249	21.324.894
Rekstrarkostnaður án afskrifta.....	47.488.068	40.067.692
Aðrar útgreiðslur.....	3.056.936	0
	382.424.667	336.173.652
Ráðstöfunarfé.....	4.617.725.257	3.493.985.856
 Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum.....	2.073.398.440	862.914.900
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum.....	2.193.945.556	2.051.142.292
Ný veðlán og útlán.....	252.482.500	455.085.000
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	3.574.942	2.929.047
	4.523.401.438	3.372.071.239
 Hækkun á handbæru fé	 94.323.819	 121.914.617
Handbært fé í årsbyrjun.....	281.194.733	159.280.116
Handbært fé í árslok.....	375.518.552	281.194.733

Skýringar með ársreikningi 2003

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða, sem settar eru af Eðrjarmálaeftirlitinu og tóku gildi árið 2000. Kaup á innlendum hlutabréfum eru nú sýnd nettó í sjóðstreymi og hefur samanburðarírinu verið breytt til samræmis.

Rekstrarfjármunir

2. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Verðbréfaeign

3. Verðtryggðar langtímakröfur eru færðar til eignar með áföllnum verðbótum miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2004. Þannig reiknað verðmæti skuldabréfa, sem keypt voru með afföllum, hefur verið lækkað um ótekjufærð afföll, en afföllin eru færð til tekna á afborgunartíma bréfanna. Kröfur í erlendum gjaldmiðlum eru eignfærðar á síðasta skráða kaupgengi Seðlabanka Íslands.

Verðbréf með föstum tekjum og veðlán eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Myndaður hefur verið mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna var sértæk áhætta metin.

Innheimta skv. lögum nr. 129/1997

4. Samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrirséttinda og starfsemi lífeyrissjóða skal ríkisskattstjóri hafa eftirlit með því að lífeyrisiðgjaldi sé skilað til lífeyrissjóðs. Ef enginn lífeyrissjóður er tilgreindur ber að skila iðgjöldum til Söfnunarsjóðs lífeyrirséttinda. Í árslok 2003 voru óinnheimtar kröfur að fjárhæð 306,2 m.kr. færðar til eignar hjá sjóðnum vegna þessarar innheimtu.

Áætluð óinnheimt iðgjöld

5. Iðgjaldtekjur sjóðsins eru miðaðar við skil þeirra í árslok 2003. Áætlaðar eftirstöðvar í árslok að fjárhæð 93,7 m.kr. eru færðar til eignar.

Lífeyrir

6. Sundurliðun lífeyristegunda:	2003	2002
Ellilífeyrir	162.118.462	137.114.396
Örorkulífeyrir	108.986.352	105.089.860
Makalífeyrir	27.727.653	23.938.990
Barnalífeyrir	9.109.694	8.073.214
	<u>307.942.161</u>	<u>274.216.460</u>

7. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum eru bókfærð með tilliti til upphaflegrar kaupávöxtunarkröfu bréfanna. Afföllum og gengisauka er því dreift í samræmi við það og líftíma bréfanna.

Skýringar með ársreikningi 2003

Verðbréf

8. Verðbréf með föstum tekjum og veðlán	2003	2002
Verðbréfaeign 31.12.....	18.387.913.829	16.741.358.536
Keypt bréf á árinu og endurmat.....	3.041.887.144	2.776.078.019
	<u>21.429.800.973</u>	<u>19.517.436.555</u>
Seld bréf og afborganir á árinu.....	(1.873.264.574)	(1.129.522.726)
	<u>19.556.536.399</u>	<u>18.387.913.829</u>

